

Föstudaginn 17. desember 1948.

Nr. 45/1948. **Réttvísinn og valdstjórnin**
(Hrl. Einar Arnórsson)
gegn

Kristni Daníelssyni (Hrl. Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða rétt fært til refsíakvæða, þó svo, að ógætilegur akstur hans fram hjá bifreiðum, sem hann mætti, og fram hjá bifreiðum, sem hann ók fram úr, varðar einnig við 3. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 800.00 kr. til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Kristinn Daníelsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Eggerts Claessens, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 760/1948: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Kristni Daníelssyni, sem tekið var til dóms þann 28. fyrra mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn

ákærða Kristni Danielssyni bifreiðarstjóra, Útskálum við Suðurlandsbraut hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. janúar 1926 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

- 1937 $\frac{1}{4}$ Kærður fyrir að hanga í bifreið. Sent barnaverndarnefnd.
- 1945 $2\frac{1}{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið og bilaðan ljósaumbúnað.
- 1945 $1\frac{1}{2}$ Áminning fyrir ógætilegan bifreiðarakstur.
- 1945 $1\frac{1}{11}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.
- 1946 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
- 1947 $2\frac{1}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 31. gr. 3. mgr. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 7. gr. umferðarlaga.
- 1947 2% Sátt, 50 kr. sekt, fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.
- 1947 $1\frac{1}{10}$ Sátt, 75 kr. sekt, fyrir brot gegn 14. gr. 4. mgr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Priðjudaginn 14. október s. l. um kl. 1.55 e. h. ók ákærði bifreiðsinni R 3889 suður Holtaveg hér innan við bæinn í áttina að Suðurlandsbraut. Nefnda bifreið átti ákærði sjálfur og er hún gerð til vöruflutnings, af gerðinni „Fargo“. Ekkert hláss var á vörupalli bifreiðarinnar, en við hlið ákærða í stýrishúsinu sat Lýður Kristinn Jónsson verkamaður, Grettisgötu 73 hér í bæ. Er ákærði kom að vegamótum Suðurlandsbrautar, kveðst hann hafa stöðvað bifreið sína, þar eð vörubifreiðarnar R 3169 og 4605 voru þá að aka vestur brautina, fram hjá Holtavegi. Hélt hann síðan ferðinni áfram og beygði vestur Suðurlandsbraut. Kveðst hann nú fljótlega hafa komið bifreið sinni á allmikinn hraða og brátt verið búinn að skipta hreyfli hennar í 5. (hæsta) ganghraðastig. Á á að gizka 3—400 metra spöl á veginum eða milli býlanna Álfabrekku og Laugabrekku kveðst ákærði hafa ekið fram úr bifreiðum þeim, sem fyrr eru nefndar, og telur hann, að hann hafi þá ekki ekið mikið yfir 50 km hraða miðað við klukkustund. Þannig hagar til á þessum slóðum Suðurlandsbrautar, að aðalvegurinn er steypur, um 6 metrar á breidd, en norðan við hann og áfastur við hann er malarvegur, um 3 metrar á breidd, og mun ekki vera til ætlazt að bifreiðar aki eftir honum, nema í brýnustu þörf. Ákærði minnst þess, að er hann beygði af Holtavegi, vestur Suðurlandsbraut, hafi hann sveigt inn á malarvegin og haldið bifreið sinni þar, að minnsta kosti meðan hann ók fram úr bifreiðinni R 3169, en sú bifreið var aftar af þeim tveim, sem hann ók fram úr á þessum slóðum. Ekki kveðst hann minnst

þess, að hann hafi mætt bifreiðum, sem voru á austurleið, meðan hann ók eftir malarveginum, en vill þó ekki fullyrða, að svo hafi ekki verið. Eftir að hafa ekið fram úr fyrrnefndum bifreiðum, kveðst ákærði hafa beygt inn á vinstri vegarhelming og haldið óbreyttum hraða, þar til hann kom að bugðu, sem er á veginum nálægt Undralandi eða Laugabrekkunni, sem mun vera réttar, en þar hafi hann hægt á ferðinni og telur, að eftir það hafi hraðinn verið um 50 km miðað við klukkusnúð. Rétt við gatnamót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, en þessi gatnamót eru örskammt fyrir vestan fyrrnefnda bugðu, mætti ákærði fólksbifreið. Er hann var kominn aftur með hlið bifreiðar þessarar, kveðst hann hafa séð konu koma hlaupandi út á götuna aftan við fólksbifreiðina og er hann var kominn alveg fram hjá bifreiðinni og sá aftur fyrir hana, segist hann fyrst hafa komið auga á stúlkubarn, sem var á leið suður yfir götuna. Ákærði kveður bilið milli bifreiðar sinnar og konunnar og barnsins hafa verið orðið mjög stutt, þegar hann kom auga á þau, en getur ekki gizkað nánar á um, hve langt eða stutt það hafi verið. Segir hann það nú engum togum hafa skipt, að stúlkubarnið hafi hlaupið þvert fyrir bifreið sína og hafi konan virzt gera tilraun til að stöðva það á leiðinni og elta það út á götuna í þeim tilgangi. Kveðst ákærði nú hafa hemlað með fóthemli bifreiðar sinnar eins fast og hann gat, en ekki hafi tekizt að afstýra slysi með þessum aðgerðum og hafi vinstri hluti framvara bifreiðarinnar rekizt á barnið, og barst það síðan með bifreiðinni, unz hún stöðvaðist, að því er ákærði telur um 1—2 lengdir sínar (bifreiðarinnar) frá þeim stað, sem hann tók að hemla á. Ákærði hefur tekið fram, að er hann hafi komið auga á barnið, áður en slysið varð, hafi konan, sem fyrr en nefnd, verið hægra megin við bifreið hans, en fólk, sem beið eftir strætistvagni þarna við gatnamótin, hafi staðið vinstra megin við veginn og hafi hann af þessum sökum ekki getað sveigt fram hjá barninu, án þess að eiga á hættu að aka á konuna eða fólkið og hafi því verið eina úrræðið að reyna að stöðva bifreiðina sem fyrst. Ákærði kveðst hafa haldið bifreið sinni á vinstri vegarhelmingi, þegar slysið varð, en barnið segir hann hafa verið komið yfir á miðjan syðri vegarhelming, þegar bifreið hans rakst á það. Virtist honum það staðnæmast og fát koma á það, rétt um leið og bifreiðin rakst á það. Eftir slysið fór ákærði út úr bifreiðinni ásamt farþeganum Lýð Kristni Jónssyni, og bar sá síðarnefndi barnið inn í bifreið ákærða, sem síðan flutti það á Landsspítalann, ásamt móður þess, en það var konan, sem reyndi að hefta för þess, þegar slysið varð að vilja til og fyrr er minnzt á. Barnið mun, að minnsta kosti kosti fyrst eftir slysið, hafa verið alveg meðvitundarlaust. Þegar slysið varð, kveðst ákærði hafa verið sémilega fyrir kallaður, hvorki svefnþurfi né þreyttur, og ekki hafi hann þá neytt áfengis nýlega. Hann segir hafa komið mikið fát á sig, þegar hann sá barnið hlaupa út á götuna, en þó hafi hann beitt fóthemli bifreiðar sinnar til fulls, eins og fyrr segir, og heml-

ana segir hann hafa verið í góðu lagi. Ekki kveðst ákærði vita annað en að hann hafi fulla sjón á báðum augum. Bifreið kveðst hann hafa ekið að staðaldri síðan um vorið 1944, en bifreiðarstjórapróf tók hann þann 22. janúar 1944 og hefur minna próf.

Eins og fyrr er getið, mun slys þetta hafa orðið um kl. 1.55 e. h. umræddan dag. Veður mun hafa verið þurrt, lygnt og fremur bjart, en vegurinn, þar sem það varð, nokkuð rakur.

Stúlkubarnið sem fyrir bifreið ákærða varð, hér Hallgerður Ásmundsdóttir. Átti hún heima á Kirkjumýrarbletti 10 hér í bæ og var 5 ára að aldri, er slysið varð (fædd 11. nóvember 1941). Hún hlaut slík lemur í slysi þessu, að hún lifði ekki nema 1½ sólarhring eftir að það vildi til, andaðist á Landsspítalanum kl. 1.30 aðfaranótt þess 16. október s. l. og hafði þá ekki komið til meðvitundar frá því hún var flutt í sjúkrahúsið. Lík telpunnar var krufið þann 16. október s. l. Framkvæmdi prófessor Niels Dungal krufninguna og hefur hann lýst banameini hennar þannig í skýrslu sinni um krufninguna:

„Við krufninguna fannst blæðing í hægri heilahelmingi og margar smá-blæðingar þar í kring. Hvergi fannst neitt brot á höfuðkúpunni né heldur á neinum öðrum beinum. Blæðingar þessar munu hafa stafað af heilahristingi (commotio cerebri) og hafa þær ásamt heilahristingnum orðið barninu að bana.“

Að slysi þessu er vitað um nokkra sjónarvotta. Verða nú framburðir þeirra raktir nokkuð varðandi slysið, svo og annarra, sem einhverjar upplýsingar hafa getið gefið við rannsókn málsins um aðdraganda slyssins og annað lútandi að því.

Vitnið Lýður Kristinn Jónsson, sem fyrr er getið, sat í stýris-húsi bifreiðar ákærða, við hægri hlið hans, þegar slysið varð. Minnist vitnið þess, að ákærði stöðvaði bifreið sína við gatnamót Holtavegar og Suðurlandsbrautar, þar eð 2 vörubifreiðar voru þá að aka fram hjá þessum gatnamótum. Eftir þetta hafi ákærði haldið vestur Suðurlandsbraut og hafi bifreið hans brátt verið komin á mikinn hraða, og telur vitnið hraðann hafi verið um 60—70 km miðað við klukkustund nokkru áður en slysið varð. Kveðst það hafa haft orð á því við ákærða, bæði meðan ekið var eftir Holtavegi og Suðurlandsbraut, að hann æki nokkuð greitt, en hann hafi svarað því litlu eða engu og ekki hægt á ferðinni. Í þessu sambandi hefur ákærði tekið fram, að muni eftir að vitnið hafi nefnt þetta meðan þeir óku eftir Holtavegi, en ekki meðan ekið var eftir Suðurlandsbraut. Á veginum milli Holtavegar og Múlavegar segir vitnið ákærða hafa ekið fram úr vörubifreiðum 2, sem fyrr er getið um, en þeim hafi verið ekið hægt. Það minnst þess, að ákærði ók eftir malarveginum einhvern spöl vestur brautina, en telur hann hafa verið stuttan, og ekki kveðst það muna, hvort hann hafi mætt bifreiðum á austurleið þannig, þ. e. öfugu (hægra) megin við þær. Ekki vill vitnið þó út af fyrir sig rengja, að svo hafi verið.

Er ákærði ók eftir bugðunni við Undraland (eða Laugabrekku) segir það hann hafa verið búinn að hægja á ferð bifreiðarinnar og hafi hraði hennar verið um 60 km miðað við klukkustud, þegar komið var að gatnamótum Þvottalaugavegar. Ekki veitti vitnið því athygli, að þeir ákærði mættu bifreið á austurleið rétt áður en slysið varð. Það veitti litlu telpunni ekki athygli fyrr en hún var tekin að hlaupa út á götuna frá nyrðri vegarbrún, og hafi þá bilið milli hennar og bifreiðarinnar ekki verið orðið nema nokkrir metrar, en þó er það álit vitnisins, að ákærði hafi komið auga á telpuna enn síðar en það og svo seint, að honum hafi ekki unnizt tími til að hemla bifreiðina fyrr en eftir að hún rakst á telpuna. Ekki getur þetta vitni sagt um, hve langt bifreiðin rann áfram eftir að henni var hemlað, og engin hemaför sá það á veginum eftir að slysið varð. Það segir telpuna hafa hlaupið rակleitt þvert yfir götuna, en konan, sem með henni var, hafi elt hana eitthvað út á veginn, en staðnæmzt síðan á veginum, er hún náði henni ekki. Bifreiðinni segir vitnið hafa verið ekið eftir vinstri vegarhemingi, miðað við stefnu í vestur, þegar slysið varð, og sýndist því telpan verða fyrir framvaranum miðjum, þegar bifreiðin rakst á hana. Það hefur látið þess getið, að kona, sem stóð við biðstöð strætisvagna sunnan megin við veginn, ásamt fleira fólki, hafi staðið svo nálægt veginum, að áhættusamt hefði verið hennar vegna fyrir ákærða að beygja til þeirrar (vinstri) hliðar, til þess að reyna að afstýra slysi á þann hátt, og eins og fyrr er getið, hafi konan, sem var með telpunni, sem fyrir bifreiðinni varð, farið eitthvað út á steypa veginn frá nyrðri vegarbrún, þegar hún sá hvað verða vildi, og hafi því einnig verið hættulegt hennar vegna fyrir ákærða að beygja til hægri og reyna þannig að komast fram hjá barninu. Eftir slysið segir vitnið telpuna hafa legið við hæggra stigbretti bifreiðar ákærða. Tók konan, sem með henni var (móðir telpunnar), hana fyrst upp, en síðan tók vitnið við henni og bar hana inn í bifreiðina, og var henni síðan ekið á Landsspítalann, eins og fyrr segir. Ekki sá vitnið nein merki þess á telpunni, að hjól bifreiðar ákærða hafi runnið yfir hana. Það hefur látið þess getið, að þeir ákærði hafi ekki verið að tala saman um það leyti, sem slysið varð, og hafi því virzt athygli ákærða beinast þá eingöngu að stjórn bifreiðarinnar. Ekkert kveðst vitnið hafa séð athugavert við ákærða, og er það alveg visst um, að hann hafi ekki bragðað áfengi nýlega. Eftir að ákærði ók brott með hið lemstraða barn, beið vitnið á slystaðnum, þar til lögreglumenn komu þangað. Þess skal getið, að vitnið kveðst vera allvant að aka bifreið og hafi það gert það öðru hvoru síðan það öðlaðist bifreiðarstjóraréttindi, árið 1942.

Eins og fyrr er getið, var kona sú, sem var með telpunni, sem beið bana í slysi þessu, móðir hennar. Heitir hún Ingrid Hákonson, frú, Kirkjumýrarbletti 10 hér í bæ, og hefur hún sem vitni skýrt þannig frá, að þær mæðgur hafi verið búnar að biða um 1—2

minútur norðan við Suðurlandsbrautina, þegar slysið varð. Ætluðu þær að biðstöð strætisvagna, sem er sunnan vegarins, gegnt slystaðnum, en komust ekki þangað fyrst í stað vegna mikillar umferðar, bæði austur og vestur veginn. Loks virtist vitninu koma lag, og tók það þá í hönd Hallgerðar dóttur sinnar til að leiða hana suður yfir veginn. Segir það Hallgerði litlu þá hafa smeygt hönd sinni úr lófa vitnisins og hlaupið frá því suður yfir veginn, en alveg um leið sá það bifreiðina R 3889 koma akandi vestur veginn á geysihraða. Telur það, að bifreiðin hafi þá ekki átt eftir nema á að gizka 10 metra að stað þeim, sem það stóð á. Sá vitnið nú að bifreiðin stefndi á telpuna, og kveðst það þá hafa hlaupið út á steypu brautina og ætlað að reyna að ná í telpuna, en ekki tókst það, því að alveg í þessum svifum rakst bifreiðin á Hallgerði litlu og kastaði henni fram á veginn, en ekki kveðst vitnið hafa séð þetta greinilega. Það telur, að telpan hafi verið nærri komin suður yfir veginn, þegar bifreiðin rakst á hana. Einnig segir það telpuna hafa hlaupið þvert og hiklaust yfir veginn, áður en slysið varð. Vitnið kveðst ekki hafa snúið við á veginum, þegar slysið var að vilja tilheldur hafi það hlaupið meðfram bifreiðinni unz hún stöðvaðist, og flýtt sér að taka barnið upp þar sem það lá við hægra hlið bifreiðarinnar. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir, hvort bifreið ákærða var hemlað áður en hún rakst á telpuna eða hvort það hafi verið gert eftir að slysið varð, en telur að hún hafi runnið um 4—5 metra áfram eftir að hún rakst á barnið. Vitnið segir það vera álit sitt, að Hallgerður litla hafi ekki tekið eftir bifreiðinni áður en hún hljóp út á götuna, því að hún hafi verið hrædd við bifreiðaumferð og fremur aðgætin. Það er einnig álit þess, að ákærði hefði getað beygt eitthvað til hægri, frá honum séð, án þess að aka á vitnið um það leyti, sem slysið var að vilja til.

Vitnið Inga Ragnhildur Ólafsdóttir, Reykjaborg við Múlaveg hér í bæ, stóð við biðstöð strætisvagna sunnan við gatnamót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, þegar slysið varð, alveg á móts við stað þann, sem það stóð á. Kveðst það hafa staðið alveg við veginn, innan við 1 meter frá syðri vegarbrún. Er það kom að biðstöðinni, sá það konu standa norðan við veginn og hélt hún í höndina á litilli telpu. Fyrst veitti þetta vitni bifreið ákærða athygli, þegar hún var stödd móts við Laugabrekku, sem mun vera um 200 metrum fyrir austan slystaðinn. Segir það bifreiðinni hafa verið haldið vel á vinstri vegarhelmingi, en ekið með geysihraða, en ekki getur það gizkað nánar á um hraðann. Er bifreiðin var að komast að fyrrnefndum gatnamótum, hafi litla telpan, sem stóð norðan við veginn, allt í einu hlaupið þvert yfir götuna í áttina til vitnisins. Gizkar það á, að bilið milli bifreiðarinnar og telpunnar hafi þá ekki verið nema um 7 metrar. Ekki segir það bifreiðina hafa hægt neitt á sér og hafi miðja framvara hennar síðan rekizt á höfuð telpunnar, er hún (telpan) átti eftir um 1½ metrar áfram

að syðri vegarbrún. Eftir þetta hafi telpan kastast langan spöl áfram eftir veginum, og hafi bifreiðin því ekki farið yfir hana. Segir vitnið bifreiðinni fyrst hafa verið hemlað eftir að hún rakst á barnið, en hún hafi runnið áfram alllangan spöl, sem það treystir sér ekki til að gizka nánar á um, hvað langur hafi verið, eftir það með hjól á hemlum. Allt segir vitnið þetta hafa gerzt svo snögglega, að því hafi enginn tími unnizt til að ná til barnsins, áður en bifreiðin rakst á það. Það telur að móðir telpunnar hafi staðið á malarveginum norðan við aðalveginn, meðan slysið var að vilja til, en farið fyrst út á steypu brautina eftir að bifreiðin hafði rekizt á barnið. Er það álit vitnisins, að ákærði hefði getað forðað slysinu með því að sveigja litið eitt til hægri, þar eð telpan hafi átt svo stutt eftir að syðri (vinstri) vegarbrún, þegar slysið varð.

Vitnið Eiríkur Guðlaugsson bifreiðarstjóri, Bergþórugötu 51 hér í bæ, ók bifreið sinni R 3452 austur Suðurlandsbraut á tíma þeim, sem hér ræðir um. Er það kom að gatnamótum Þvottalaugavegar, veitti það bifreið ákærða athygli þar sem hún ók vestur veginn á mikilli ferð, að því er það telur, og virtist því hún aka hraðar en bifreiðar gera yfirleitt á þessum slóðum. Ekki kveðst vitnið hafa veitt athygli neinu fólki sem stóð norðan við veginn við gatnamót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar, en vill þó út af fyrir sig alls ekki rengja, að fólk hafi verið statt þarna um þessar mundir. Vitnið varð ekki vart við ferðir telpunnar suður yfir veginn, en um leið og bifreið þess og bifreið ákærða mættust, kveðst það hafa heyrt hvina í hemlum hennar og séð, er það leit út úr bifreið sinni, að hún rann áfram með öll hjól föst, og telur það bifreiðina hafa runnið um 2 vörubifreiðalengdir áfram eftir að tekið var að hemla henni. Vitnið fór ekki út úr bifreið sinni á slystaðnum og athugaði þar ekki nákvæmlega.

Vitnið Leó Árnason kaupmaður, Lundi við Nýbýlaveg, var farþegi í bifreið Eiríks Guðlaugssonar í umrætt skipti. Sá það ekki bifreið ákærða áður en slysið varð og veitti henni enga athygli fyrr en eftir að það heyrði hvin í hemlum hennar, en þá telur vitnið, að hún hafi verið komin 30—40 metra fram hjá bifreið þeirri, sem það var farþegi í. Eftir að bifreið ákærða stöðvaðist, telur það bilið milli hennar og bifreiðarinnar, sem það var í, hafa verið um 40—50 metra. Ekki sá þetta vitni, er barnið hljóp út á veginn, og telur það hafi ekki gert það fyrr en bifreiðin, sem vitnið var í, var komin fram hjá því. Það fór ekki út úr bifreiðinni á slystaðnum og veitti aðstæðum þar enga sérstaka athygli.

Vitnið Aðalsteinn Guðmundsson bifreiðarstjóri, Krossamýrarbletti 15 hér í bæ, ók vörubifreiðinni R 3169 vestur Suðurlandsbraut á umræddum tíma, en bifreið þessi var önnur þeirra vörubifreiða, sem ákærði ók fram úr stuttu áður en slysið varð. Segir vitnið, að ákærði hafi ekki stöðvað bifreið sína við gatnamót Suðurlandsbrautar og Holtavegar, heldur hafi hann bersýnilega ætlað

að troða sér inn á Suðurlandsbrautina fram fyrir bifreiðina R 4605, sem ók vestur brautina fram hjá gatnamótum Holtavegar um leið og bifreið ákærða bar að þeim, og hafi bilið milli þessarar bifreiðar og bifreiðar vitnisns verið mjög stutt. Ekki segir vitnið ákærða þó hafa tekizt þegar við gatnamótin að aka fram úr bifreiðinni R 4605, og hafi hann þá sveigt út á malarveginn, norðan við steypu brautina, og ekið eftir honum þar til hann komst fram úr fyrrnefndri bifreið og bifreið vitnisins. Meðan ákærði hélt bifreið sinni úti á malarveginum kveður vitnið nokkrar bifreiðar hafa ekið austur veginn, og hafi þá ákærði því mætt þeim öfugu (hægra) megin. Þetta vitni telur víst, að ákærði hafi engri bifreið mætt frá því hann ók fram úr vörubifreiðunum 2, þar til slysið varð. Það kveðst sjálft hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klukkustund um það leyti, sem ákærði ók fram úr bifreið þess, en hraða bifreiðar hans telur það hafa verið 70—80 km miðað við klukkustund. Vitnið sá ekki, þegar slysið vildi til, þar eð það kom ekki á slysstaðinn fyrr en það var alveg um garð gengið, en síðast sá það það til bifreiðar ákærða, áður en það ók fram á hana, þar sem hún hafði verið stöðvuð á slysstaðnum, að hún ók eftir vinstri vegarhelmingi vestur brautina og hafði þá sveigt af malarveginum inn á aðalveginn. Á slysstaðnum kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir neir um hemlaförum eftir bifreið ákærða.

Vitnið Gunnlaugur Marino Möller Pétursson bifreiðarstjóri, Baugsvegi 4 hér í bæ, ók bifreiðinni R 4605 vestur Suðurlandsbraut í umrætt skipti. Minnst það þess, að er það kom að gatnamótum Holtavegar á leið sinni vestur veginn, hafi það séð bifreið ákærða koma að nefndum gatnamótum rétt í þeim svifum, sem vitnið ók þar um. Segir það nú bifreið ákærða hafa staðnæmzt þarna, meðan vitnið ók fram hjá, en þegar það var komið mjög stutt frá gatnamótunum, sá það bifreið ákærða aka fram með og fram úr bifreið þess, og var hún (bifreið ákærða) þá á malarveginum fyrir norðan steypu brautina og ók eftir honum alllangan spöl og mætti á meðan a. m. k. einni bifreið á austurleið öfugu megin. Hafi ákærði síðan beygt bifreið sinni inn á steypa veginn og verið búinn að því rétt á móts við verzlunina við Álfabrekku. Vitnið kveðst hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klukkustund, þegar bifreið ákærða ók fram úr því, en gizkar á, að hraði hennar hafi þá verið um 50—60 km miðað við klukkustund, en hún hafi heldur hert á ferðinni eftir að hún beygði aftur inn á steypa veginn. Segir það síðan hafa dregið sundur með bifreið þess og bifreið ákærða, sem, þegar hér var komið, hafi ekið vel á vinstri vegarhelmingi. Er vitnið kom á beygjuna hjá Undralandi, sá það, að bifreið ákærða hafði staðnæmzt á slysstaðnum, og var þá í þann veginn verið að taka hið slasaða barn upp af veginum, þar sem það lá við hægri hlið bifreiðar ákærða. Ekki kveðst vitnið minnst þess, að það hafi mætt neinum bifreiðum frá því að ákærði ók fram úr bifreið

þess, þar til það kom á slysstaðinn, en vill þó ekki fullyrða, að svo hafi ekki verið. Það tók ekki eftir neinum hemlaförum á slysstaðnum eftir bifreið ákærða.

Vitnið Pétur Guðmundsson verkamaður, Múlaskálahverfi nr. 11 B hér í bæ, ók reiðhjól sínu að Suðurlandsbraut frá Múlaskálahverfi skömmu áður en slysið varð. Er það kom að Suðurlandsbrautinni, sá það bifreið, sem síðar reyndist vera bifreið ákærða, koma á mikilli ferð, á 60—70 km hraða miðað við klukkustund að því er vitnið gizkar á, vestur brautina, og beið það unz hún var komin fram hjá. Vitnið kveðst minnst þess greinilega, að 2 bifreiðar hafi ekið austur brautina og mætt bifreið ákærða rétt austan við gatnamót Þvottalaugavegar og hafi nú ekki liðið nema örfá augnablik frá því bifreiðar þessar mættu bifreið ákærða, þar til vitnið sá hana stöðvast á slysstaðnum. Það segir bifreið ákærða alltaf hafa verið haldið á vinstri vegarhelmingi, meðan það sá til ferða hennar, en hún hafi ekið óvenjulega hart eða með þeim hraða, sem fyrr er tilgreindur eftir ágizkun vitnisins. Það kveðst ekki hafa séð, þegar litla telpan hljóp fyrir bifreiðina, en það sá þegar henni var hemlað, og telur það hana hafa runnið 10—15 metra með hjól í hemlum, eftir því sem hemlaför hennar á slysstaðnum gáfu til kynna. Vitnið Björn Pálsson bifreiðarstjóri, Sigtúni 41 hér í bæ, ók bifreið sinni austur Suðurlandsbraut um það leyti, sem slysið varð. Varð það þess vart, þegar það nálgadist gatnamót Þvottalaugavegar á leið sinni austur fyrrnefnda braut, að bifreið ákærða var stönguð þarna við gatnamótin og að þar hefði orðið slys. Ekki sá vitnið til ferða bifreiðar ákærða áður en slysið varð, og veit það ekki um hvernig slysið bar að. Engin hemlaför sá það á slysstaðnum. Vitnið tilkynnti lögreglunni síðan slysið.

Lögregluþjónarnir Sigurður Emil Ágústsson, Friðrik Jónsson og Davíð Hálfðánarson brugðu við og fóru á slysstaðinn, en komu þangað ekki fyrr en hið slasaða barn hafði verið flutt af staðnum og í sjúkrahús. Hafa lögregluþjónar þessir engar sjálfstæðar upplýsingar getað gefið um með hvaða hætti slysið varð, þar eð það var fyrir nokkru afstaðið, þegar þeir komu á staðinn.

Á slysstaðinn komu einnig nokkru eftir að slysið varð rannsóknarlögreglumennirnir Kristmundur Jóhannes Sigurðsson og Lárus Axel Helgason. Ekki hafa þeir heldur getað gefið neinar sjálfstæðar upplýsingar um hvernig slysið vildi til af sömu ástæðum, sem nefndar eru í sambandi við hina lögreglumennina. Í skýrslu Kristmundar Jóhannesar segir, að engin hemlaför né önnur verksummerki hafi sétt á slysstaðnum, þegar þeir lögreglumennirnir komu þangað. Lárus Axel Helgason gerði síðan uppdrátt af slysstaðnum og studdist við gerð hans við upplýsingar sjónarvotta að slysinu. Samkvæmt nefndum uppdrætti hefur slysið orðið utarlega á vinstri vegarhelmingi Suðurlandsbrautar, alveg gagnstætt gatnamótum Þvottalaugavegar. Hefur telpan verið nærri alveg komin

suður yfir götuna (Suðurlandsbraut), þegar bifreið ákærða rakst á hana, eftir uppdrættinum að dæma.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir Viggó Eyjólfsson og Haukur Hrómundsson skoðuðu bifreið ákærða sama dag og slysið varð. Hafa þeir vottað, að bifreiðin hafi þá að öllu leyti verið í góðu lagi.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, telst sannað, að ákærði hafi í senn ekið allt of hart og að ýmsu leyti ógætilega áður og um það leyti, sem margnefnt slys varð. Hafa öll vitni, sem aðstöðu höfðu til að fylgjast með hraða bifreiðar hans, borið, að hraðinn hafi verið mikill og langt yfir það, sem leyfilegt er að aka með á þessum slóðum. Sum vitnanna hafa borið, að ákærði hafi ekið með geysihraða um það leyti, sem slysið varð, önnur, að hann hafi þá ekið óvenjulega hratt o. s. frv. Með því að aka fyrir utan veg þann, sem ætlazt er til að bifreiðar aki eftir, nokkru áður en slysið varð, og jafnvel að mæta bifreiðum þannig öfugu (hægra) megin, þykir ákærði og hafa sýnt vitavert gáleysi. Því verður að visu ekki neitað, að telpan, sem lét lífið í slysi þessu, hefur sjálf átt nokkra sök á því hvernig fór, með því að hlaupa þvert fyrir bifreið ákærða, er hún nálgast með miklum hraða, og ekki verður hér tekin afstaða til þess, hvort unnt hafi verið fyrir ákærða að forða slysi, eftir að hann kom auga á telpuna, með þeim mikla hraða, sem hann ók á þá, en líta verður svo á, að hinn mikli hraði bifreiðar hans og gálauslegur akstur yfirleitt hafi gert honum óhægt um eða ómögulegt að gera þær ráðstafanir, sem afstýrt gátu slysi, eins og á stóð. Telst hann því með nefndum akstri sínum hafa brotið 1., 2., 4. og 5. málsg. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðarlaga nr. 23 16. júní 1941, 2. gr. og 3 mgr. 4. gr. umferðarlaga nr 24 16. júní 1941 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Einnig telst hann hafa átt verulega sök á slysi, sem mannsbani hlaut af, með gálausum og of hröðum akstri sínum, og hefur hann með því brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans, samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðarlaganna, 4 gr. umferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, eftir atvikum og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin varðhald í 5 mánuði. Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, að svipta ákærða ævilangt leyfi til að aka bifreið frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Eggerts Claessens hrl., kr. 450.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Kristinn Danielsson sæti varðhaldi í 5 mánuði. Hann skal ævilangt, frá birtingu dóms þessa að telja, sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hrl., kr. 450.00. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1948.

Nr. 154/1948. Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Ingólfi Finnbjörnssyni og gagnsök

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Undanþága frá greiðslu tekjuskatts. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, útg. 23. nóvember þ. á., og gert þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo og, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, er áfrýjað hefur málinu með gagnáfrýjunarstefnu, útg. 26. nóvember þ. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til, þó þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Þegar litið er til þess, sem upplýst er um aðdragandann að setningu laga nr. 61/1939 svo og til orðalags 1. gr. laganna, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi átt rétt á undanþágu frá því að greiða tekjuskatt af hálfri stríðsáhættuþóknun þeirri, er hann hafði unnið fyrir fram til þess